

REGLUGERÐ
um (6.) breytingu á reglugerð nr. 532/2015
um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2015.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Skylt er að ráðstafa a.m.k. 50% af makrílafla einstakra skipa á árinu til vinnslu. Fiskistofa skal fylgjast með að skilyrði vinnuskyldu séu uppfyllt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. ágúst 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Erna Jónsdóttir.